

## Skipulögð kennsla - TEACCH

Atriði sem hafa þarf til hliðsjónar við uppsetningu á myndrænu / rituðu skipulagi fyrir börn með einhverfu og skildar raskanir.

Markmiðið með myndrænu skipulagi er að draga úr kvíða og óæskilegri hegðun og auka sjálfstæði barnsins heima og í skólanum. Hér má einnig sjá hvaða atriði þarf að kenna barninu svo það geti sem best nýtt sér myndrænt skipulag.

### 1. Upplýsingar um barnið:

- a. Hvernig lærir barnið best?
- b. Hvar liggja áhugasvið og styrkleikar?
- c. Við hvaða aðstæður þarf barnið mest á skipulagi að halda?
- d. Hve langt úthald hefur barnið í vinnu/leik sem það hefur sjálf valið sér?
- e. Hve langt úthald hefur barnið í vinnu/leik sem aðrir fá því?
- f. Hvernig hefur barnið ofan af fyrir sér heima, í frímínútum, o.s.frv.?
- g. Hve mikla útrás/hreyfingu og slökun þarf barnið að hafa inni í skipulagi, svo það geti lært og unnið?
- h. Hvernig tákn les barnið best, rituð, ljósmyndir, aðrar myndir, hluti?
- i. Aðrar upplýsingar sem foreldrar, kennarar og aðrir sem koma að barninu, telja að taka þurfi tillit til.

## 2. Skipulagið

- a. Myndrænt skipulag fyrir barn með einhverfu er aðeins ætlað þessu eina barni.
- b. Setjið upp skipulag sem barnið skilur og hefur áhuga á, t.d. með myndum af því sem liggur á áhugasviðinu.
- c. Skipulagið þarf að virka á versta degi barnsins.
- d. Barnið þarf að haka við, snúa mynd eða annað, við hverja athöfn.
- e. Skipulagið þarf að vera sveigjanlegt og auðveldlega hægt að breyta innan þess.

### Skipulagið þarf að svara spurningunum:

- Hvert á ég að fara?
- Hvað á ég að gera?
- Hvað á ég að gera mikið/lengi?
- Hvenær verð ég búin/n?
- Hvað gerist næst?
- Hvernig á ég að framkvæma verkefnið?

## 3. Skoða þarf eftirtalin atriði út frá getu barnsins, ákv.atriði þarf að kenna barninu svo það geti notað kerfi sem hentar því í öllum aðstæðum í skóla og heima:

- Læra að hefja vinnu/verkefni
- Læra að færa sig á milli staða til að sækja verkefni og vinna þau, án þess að tapa einbeitingu.
- Þarf barnið að nota töflumiða?
- læra að krossa við, taka af, setja í „búið vasann“, á skipulagi.
- Skoða hvað hentar barninu, þarf það að para hluti, hlut og mynd/ mynd og mynd á svæðum, svo skipulagið gagnist?
- Getur barnið lesið ritað skipulag með skilningi?
- Hvað getur barnið haft margar athafnir uppi í senn, „fyrst og svo“, þrjár athafnir, fleiri?
- Hvað þarf barnið mikla stýringu í „skiptingum“?
- Getur barnið notað skífuklukku og skilið tilgang hennar?
- Getur barnið notað tímamiða og skilið tilgang þeirra?
- Getur barnið yfirfært færni sem það lærir á einum stað yfir á annan?

- Skilur barnið hvenær verkefni er lokið, eða tíminn búinn og getur þá hætt verkefninu?
- Getur barnið beðið um hjálp á viðeigandi hátt?
- Getur barnið sagt öðrum hvað það vill/þarf?
- Getur barnið valið á milli tveggja hluta/leikja/athafna?
- Getur barnið valið um að halda áfram eða skipta um verkefni/leik?
- Kann barnið slökunaræfingar?
- Getur barnið tekið pásu þegar á þarf að halda?
- Kann barnið að hætta í pásu og halda áfram verkefnum?

## Hvað þarf að skoða – hvernig á að byrja?

### Deildin/kennslustofan

Reynið að skipuleggja deildina/kennslustofuna þannig að hver námsþáttur fái notið sín og skiptingar á athöfnum gangi vel fyrir sig, þ.m.t. ef para á myndir eða hluti á svæðunum. Deildin/kennslustofan, þarf að skiptast niður í ákv. svæði þars sem hver athöfn fer fram. Myndræna skipulagið þarf að vera uppsett miðsvæðis eða þar sem barnið á auðvelt með að nota það. Nemandi með einhverfu þarf að hafa sérstaka starfsstöð þar sem sjálfstæð vinna fer fram. Skipta þarf svæðunum niður t.d. í

- Leiksvæði, þ.m.t. kubbar, bílar, tónlist, borðvinna, dúkkukrókur, o.s.frv.
- Hópavinna.
- Rólegt horn, heimakrókur, pásuhorn.
- Svæði fyrir sjálfstæða vinnu.

Kenndu barninu að hver athöfn á sér sérstakan stað á deildinni eða í kennslustofunni. Ef barnið á að para mynd við svæði, t.d. mynd af kubbum á kubbasvæði, þá þarf að kenna það sérstaklega.

### Kennarar og starfsfólk

Skipuleggja þarf hlutverk hvers kennara og starfsmanns á öllum tímum dags, á hvaða svæði á að vera, hvað á að gera þar og hvaða barnahópur á að vera á svæðinu. Fyrirfram þarf að ákveða mjög skýrt hvaða kennari hefur umsjón með skipulagningu kennslunnar, ber ábyrgð á gerð einstaklingsnámskrár og hvernig vinnan er kynnt fyrir öðru starfsfólki deildarinnar eða skólans. Engin óvissa eða ósætti má vera með þetta atriði.

**Skipta þarf í hópá út frá faglegum forsendum, þá ráða t.d.:**

- Aldursskipting
- Félagaval
- Getuskipting
- Áhugasvið
- Úthald

**Við uppsetningu dagskipulags þarf að vera jafnvægi á milli allra athafna þ.á.m.:**

- Skipulagðs náms og frálsra athafna.
- Kyrrsetu og hreyfingar/útrásar.
- Skipulagðrar hreyfingar og frjálsra úti/hreyfileikja.
- Verkefna og leikja sem barnið velur sér sjálf og verkefna og leikja sem aðrir fá þeim.
- Hvenær barnið er í stórum hópi etv. í erli og hávaða og þar sem barnið er í rólegheitum.

*Kennsluráðgjafar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings 2018*